



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **vinnumál** 2025–2030

Við brúum hæfnibilið



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangsorð	5
Pólitískar áherslur 2025–2030	7
Markmið 1: Tryggja tímanleg og réttlát umskipti fólks á vinnumarkaði til að allir séu með og hafi þá hæfni sem þarf til að taka þátt í hinum grænu og stafrænu umskiptum	8
Markmið 2: Efla framboð á vinnuafli og stuðla að jöfnum tækifærum öllum til handa þannig að Norðurlönd geti brugðist betur við þörfum vinnumarkaðarins og nýtt færni alls vinnuaflsins	10
Markmið 3: Styðja við heilbrigða samkeppni og aukinn hreyfanleika vinnuaflsins með skipulögðum vinnumarkaði og færri stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum	12
Markmið 4: Stuðla að góðu og öruggu vinnuumhverfi sem lagar sig að þeirri þróun og þeim kröfum sem eru á vinnumarkaði í dag	14
Úttekt á samstarfsáætluninni	16
Um ritið	17

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-720>

Formáli



Mats Persson, vinnu- og aðlögunarmálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu árið 2019 framtíðarsýn í norrænu samstarfi um að *Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030*. Framtíðarsýnin skiptist á þrjú áherslusvið þar sem markmiðið er að stuðla að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum. Vinnumarkaðurinn er máttarstólpi norrænna velferðarsamfélaga og gegnir lykilhlutverki við að gera framtíðarsýnina að veruleika.

Framtíðarsýnin kemur til framkvæmda á tímum þar sem Norðurlönd takast á við sameiginlegar áskoranir og tækifæri sem einkenna vinnumarkaði okkar:

- Græn umskipti gera kröfur um umbreytingu á norrænum vinnumörkuðum, að skynsamlega verði fjárfest í sjálfbærri framtíð og að Norðurlönd verði áfram leiðandi á sviði grænnar þróunar.
- Lýðfræðilegar breytingar kalla á að áfram verði hugað að framboði á vinnuafli til að tryggja aðgengi að hæfu starfsfólki og þannig megi áfram fjármagna velferðarsamfélög landanna.
- Ýmis ný tækifæri felast í aukinni stafvæðingu og notkun gervigreindar og nýrrar tækni sem aftur eykur þörf á umskiptum, færniþróun og að hugað sé að vinnuumhverfi. Þetta á við um atvinnurekendur og launafólk en einnig kjarasamningsbundna ramma vinnumarkaðarins sem norræna velferðarlíkanið byggist á.

Á Norðurlöndum höfum við búið við sameiginlegan vinnumarkað í meira en sjötíu ár. Þrátt fyrir að löndin séu ólík þá eigum við í einstöku samstarfi og það eigum við að nýta til að finna bestu og sjálfbærustu lausnirnar á sameiginlegum tækifærum og áskorunum landanna. Þess vegna er verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) að beina aðgerðum tengdum vinnumarkaði þangað sem þær gagnast sem flestum íbúum Norðurlanda. Það gerum við með því að fjalla um vinnumarkað, vinnurétt og vinnuumhverfi í löndunum, svæðisbundið og alþjóðlega.

Markmiðið með þessari samstarfsáætlun er að móta stefnu fyrir allt starf og aðgerðir MR-A á árunum 2025-2030. Það er okkar sýn að þannig getum við eflt norrænt samstarfi um almenna þátttöku á vinnumarkaði sem einkennist af heilbrigðu atvinnuumhverfi, góðum starfskjörum og jafnrétti.

Þannig eflum við aðlögunarhæfni og samkeppnisfærni norrænna vinnumarkaða og gerum Norðurlönd fær um að ná markmiðum framtíðarsýnarinnar um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030.



Mats Persson
vinnumálaráðherra Svíþjóðar



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangsorð



Í samstarfsáætluninni forgangsröðum við aðgerðum á sviðum þar sem löndin geta með þekkingu sinni, með því að skiptast á reynslu og vinna saman, skapað norrænt notagildi og tryggt betri skilyrði fyrir þróun vinnumarkaða á Norðurlöndum.

Markmiðið er skapa lausnir sem nýtast við pólitíska stefnumótun innan hvers lands. Einnig er markmið að skilgreina sameiginleg sjónarmið og yfirlýsingar á sviðum þar sem löndin ná meiru fram í sameiningu en hvert um sig.

Til að tryggja norrænt notagildi og þróun í samræmi við framtíðarsýn samstarfsáætlunarinnar er þörf á nánu samstarfi þvert á ráðherranefndir og stöðugt samráð við Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og ekki síst aðila vinnumarkaðarins.

Hið sérnorræna vinnumarkaðslíkan er einnig mikilvægt sem tól. Ekki aðeins þegar um er að ræða laun og vinnutíma, breyttar aðstæður á vinnumarkaði og menntun, heldur sérstaklega þegar skapa á góðar forsendur svo að við getum gert framtíðarsýn Norðurlanda 2030 að veruleika.

Samstarfsáætlunin var samþykkt af MR-A 29. ágúst 2024 og gildir fyrir árin 2025–2030.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd eiga
að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

Pólitískar áherslur 2025–2030



Fjölmennt og hæft vinnuafli, sveigjanlegir vinnumarkaðir, góð starfskjör ásamt góðu og inngildandi vinnuumhverfi eru lykilatriði þess að skapa megi í senn græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Þessi markmið eru innbyrðis háð hvert öðru og einu þeirra verður ekki náð án hinn tveggja.

Á tímabili áætlunarinnar vill MR-A einnig beina sjónum að sjálfbærri þróun, jafnrétti og sjónarmiðum ungs fólks. MR-A vill taka mið af þessum og öðrum þverlægum áherslusviðum í verkefnum og starfsemi sinni í samstarfi við aðrar ráðherranefndir.

Með hliðsjón af þessu hefur MR-A sett fram eftirfarandi meginmarkmið og undirmarkmið fyrir starfið á árunum 2025–2030 og miðast þau við þá framtíðarsýn að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Markmið 1: Tryggja tímanleg og réttlát umskipti fólks á vinnumarkaði til að allir séu með og hafi þá hæfni sem þarf til að taka þátt í hinum grænu og stafrænu umskiptum

Öll með

Líklegt þykir að græn og stafræn umskipti muni leiða til fækkunar starfa í sumum greinum en skapa um leið ný störf annars staðar. Mikilvægt er að beina þeim sem eiga á hættu að missa vinnuna yfir í aðrar greinar sem eru í vexti. Virk vinnumarkaðsstefna og fjárfestingar í færniþróun, starfsendurhæfingu og sí- og endurmenntun gegna mikilvægu hlutverki í þessum umskiptum. Vinnan að þessu markmiði skiptir ekki eingöngu sköpum um hvort græn og stafræn umskipti takist heldur gegnir hún einnig lykilhlutverki varðandi það að ójöfnuður aukist ekki.



Til að ná markmiðinu um að tryggja tímanleg og réttlát umskipti fólks á vinnumarkaði vill MR-A á næsta áætlunartímabili einkum leggja áherslu á að:

**Undirmarkmið
1.1**

Efla þekkingu á því hvernig græn og stafræn umskipti hafa áhrif á norræna vinnumarkaði og færnipörf.

**Undirmarkmið
1.2**

Flýta fyrir grænum og stafrænum umskiptum á vinnumarkaði, ekki síst utan stærri borga á Norðurlöndum.

**Undirmarkmið
1.3**

Stuðla að símenntun og tækifærum til þróunar, meðal annars með því skapa betri tækifæri og hvata til að sækja sér starfsmenntun, í nánú samstarfi við viðkomandi málefnasvið.

Markmið 2: Efla framboð á vinnuafli og stuðla að jöfnum tækifærum öllum til handa þannig að Norðurlönd geti brugðist betur við þörfum vinnu-markaðarins og nýtt færni alls vinnuaflsins

Öll hæfni skiptir máli

Íbúar Norðurlanda eru nokkuð vel menntaðir, búa við jafnrétti og starfa innan ramma norræna vinnumarkaðslíkansins. Líkanið tryggir öryggi, sveigjanleika og aðlögunarhæfni sem leiðir til hás atvinnustigs og framleiðni. Norðurlönd standa hins vegar frammi fyrir þeirri lýðfræðilegu þróun að fólki á vinnufærum aldri fækkar og eldri borgurum sem þarfnast umönnunar fjölgar. Þetta gerist samhliða því að alltof hátt hlutfall vinnufærra er hvorki í námi né vinnu. Á sama tíma eru enn skipulagshindranir víða á norrænum vinnumarkaði sem koma í veg fyrir að færni alls vinnuaflsins nýtist sem skyldi. Norðurlönd búa einnig við vaxandi alþjóðlega samkeppni þegar kemur að því að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk.



Til að ná markmiðinu um að efla framboð á vinnuafli og stuðla að jöfnum tækifærum öllum til handa vill MR-A á komandi áætlunartímabili leggja sérstaka áherslu á að:

Undirmarkmið 2.1

Efla þekkingu svo auka megi atvinnuþátttöku, með sérstaka áherslu á hópa sem eru á jaðri vinnumarkaðarins, þar á meðal aldraða, fólk með fötlun, konur af erlendum uppruna utan Evrópu og ungt fólk sem er hvorki í námi né vinnu.

Undirmarkmið 2.2

Stuðla að jafnri meðferð og jafnrétti á vinnumarkaði svo Norðurlönd geti nýtt hæfni alls starfsfólks án tillits til kyns, kynvitundar eða kyntjáningar, uppruna, trúarbragða eða annarra lífsskoðana, fötlunar, kynhneigðar eða aldurs.

Undirmarkmið 2.3

Afhjúpa hindranir og skilgreina mögulegar leiðir til að laða betur að og halda í hæft starfsfólk á Norðurlöndum þar sem skilyrði og skipulag á vinnumarkaði er gott.

Markmið 3: Styðja við heilbrigða samkeppni og aukinn hreyfanleika vinnuaflsins með skipulögðum vinnumarkaði og færri stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum

Heilbrigð samkeppni

Mikilvægur þáttur í samkeppnisfærni og aðlögunarhæfni Norðurlanda er heilbrigð samkeppni. Hún krefst skipulags á vinnumarkaði og að vinnuafli geti ferðast frjálst. Það felur í sér að þörf er á öflugum samfelldum aðgerðum gegn stjórnsýsluhindrunum, brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegum undirboðum. Þróun og beiting hins einstaka þríhliða vinnumarkaðslíkans á Norðurlöndum er mikilvæg í þessu starfi. Sama á við um náið samstarf um ESB-mál þegar um er að ræða málefni sem varða Norðurlöndin öll og þegar það þarf að skapa skilning og virðingu fyrir norræna vinnumarkaðslíkaninu svo og sjálfstæði og hlutverki aðila þess.



Til þess að ná markmiðinu um heilbrigða samkeppni og aukinn hreyfanleika vinnuaflsins mun MR-A á næsta áætlunartímabili leggja sérstaka áherslu á að:

Undirmarkmið 3.1

Efla aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegum undirboðum yfir landamæri, meðal annars í gegnum norrænt-baltneskt samstarfsnet um brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Undirmarkmið 3.2

Greiða fyrir frjálsri för starfsfólks milli Norðurlanda, meðal annars með afnámi stjórnsýsluhindrana.

Undirmarkmið 3.3

Tryggja jafnvægi milli verndar launafólks og sveigjanleika á vinnumarkaði, meðal annars með samstarfi um ESB-mál og við alþjóðlega aðila, með tilliti til þess sérstaka hlutverks sem aðilar vinnumarkaðarins gegna.

Markmið 4: Stuðla að góðu og öruggu vinnuumhverfi sem lagar sig að þeirri þróun og þeim kröfum sem eru á vinnumarkaði í dag

Heilbrigður vinnumarkaður

Öflugur vinnumarkaður krefst góðs vinnuumhverfis sem skiptir máli fyrir einstaklinginn en einnig löndin sjálf, því hann skapar skilyrði fyrir hagvöxt og fjármögnun velferðarsamfélaga Norðurlandanna. Hins vegar eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á og breyta þeim vinnumarkaði sem við þekkjum.

Þetta varðar hvernig við innum störf okkar af hendi en einnig tilkomu nýrra tegunda starfa. Á sama tíma er lögð mikil áhersla á sálfélagslegar áskoranir. Launafólk og atvinnurekendur þurfa að aðlagast nýjum aðstæðum og kröfum. Til að það megi takast þurfa umskiptin að vera réttlát, skilvirk og inngildandi.



Til að ná því takmarki að stuðla að góðu og öruggu vinnuumhverfi í framtíðinni MR-A á næsta áætlunartímabili leggja sérstaka áherslu á að:

**Undirmarkmið
4.1**

Stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi á tímum blandaðs vinnuumhverfis, vaxandi harkagkerfis, sveigjanlegra ráðningarsamninga, nýrra ráðningarforma og lengri starfsævi.

**Undirmarkmið
4.2**

Auka þekkingu á orsökum, eðli og viðbrögðum við sálfélagslegum áskorunum sem breytt vinnuumhverfi getur haft.

**Undirmarkmið
4.3**

Efla þekkingu á tækifærum og áskorunum á norrænum vinnumarkaði í kjölfar aukinnar stafvæðingar, þar á meðal notkunar gervigreindar.

**Undirmarkmið
4.4**

Greiða fyrir árangursríkum áætlunum í vinnuvernd og eftirlitsaðferðum sem fyrirbyggja starfstengda sjúkdóma, slys, dauðsföll og óásættanlegar vinnuaðstæður.

Úttekt á samstarfsáætluninni



Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um vinnumál 2025–2030

PolitikNord 2024:720

ISBN 978-92-893-7913-7 (PDF)

ISBN 978-92-893-7914-4 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-720>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsíðu: Knud Andersen

Myndir: Imagebank Sweden

Útgáfa: Október 2024

Uppfært: Janúar 2025



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesa fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur